# Flugar.

| | | |
|---|---|---|
| I. ár. | 27. Janúar. | 1 blað 1925. |

Ritstjóri

Baldvin B. Bárðdal.

## Bæjaröð

| | Kom | Fór |
|---|---|---|
| 1. Syðsta-Grund. | 28 jan | 30 jan |
| 2. Mið-Grund | | |
| 3. Grundargerði | | |
| 4. Rjettarholt | 5 febr | 12 febr |
| 5. Flugumýri | 12 febr. | 14 febr. |
| 6 Flugumýrarhvammur | 14 febr | 15 febr |
| 7. Bjarnastaðir | 15 febr | |
| 8. Hjaltastaðir | [illegible] | [illegible] |
| 9. Hjaltastaðakot | 19 febr. | 20. febr. |
| 10. Hjaltastaðahvammur. | 20.– | 21.– |

Skilist frá Hjaltastaðahvammi
til Stefáns Vagnssonar
Hjaltastöðum

## Inngangsorð.

Þau tíðindi eru nú að gerast
með þjóð vorri, að Lestrarfj. Flugu-
mýrarsóknar hefir ráðist í það
stórvirki að gefa út sveitablað,
sem gangi á, milli góðbúanna
og eftir þann lestur, verði hver og
einn bæði fróðari og fjörugri en
hann áður var. Það er sagt um
um manninn, að það sje ekki
gott að hann sje einn" og á það
líklega að skiljast þannig, að
hver og einn muni deigari að
[illegible] ráðast til framkvæmda
ef hann er af engum studdur,
og svo varð þessu fjelagi. Því ekki
rjeðist það í útgáfu blaðsins með
minni bakhjarli en Lestrarfj.

Miklabæjarsóknar. Er einn aðalritstjóri fyrir bæði blöðin og er það B. Bárdal í Litladal, en annar ritstj. hefir tekið að sjer starf prentsmiðjunnar. Til þess nú að alt gangi í „einingu andans og bandi friðarins,“ er gert ráð fyrir að sömu greinarnar birtist í báðum blöðunum má þá kvast við að hjer verði stórmyndarleg blöð á ferðinni, því það mannval ætti að vera í tveimur sóknum, að hægt væri að halda út einu sómasamlegu blaði.

Þetta blað flytur minningarorð um sra Björn próf. Jónsson í Miklabæ og kom það út um jólin í Miklab. sókn. og hefði þá auðvitað getað komið hjer jafnsnemma út, en þá var þessi blaðs hugmynd ekki komin í framkvæmd.

Stefán Vagnsson.

## Sira Björn próf. Jónsson

## Minningarorð.

Það hefir þótt rjett og maklegt að blað lestrarfjelagsins, flytti nokkur minningarorð um sra Björn Jónsson prófast frá Miklabæ hefir verið litið svo á, að best væri að þau kæmu hjer í blaðinu frá sóknarbörnum hans. Þetta blað er því eins göngu helgað minningu hins látna vinar, og er ætlast til að blaðið hefji göngu sína á Jólunum, – Ljóss hátíðinni. – Því það er bjart yfir minningu hans, og hann sjálfur var ljóssins barn.

---

Sira Björn flutti að Miklabæ frá Bergst. í Svartárdal árið 1889. Kom sjálfur að

að Miklabæ á afmæli sínu 15. Júlí
þá 31 árs. Kom aftur að Miklabæ 15.
Júlí 1919, – þrjátíu árum síðar sunnan
úr Reykjavík – þá blindur. Varð að
leggja niður prestskap. – Prófastur
var hann, um allmörg ár hin síðustu.

Hann dó á heimili sínu Sólheim
sunnudaginn 3 febr. Kl. 5,40". Var
grafinn að Miklabæjarkirkjugarði
þriðjud. 19 sama mán. Mun sú jarðar-
för vera hin tilkomumesta sem
fyrr hefir farið fram í Miklabæjar
prestakalli. Mannfjöldi mikill og
útförin til mesta sæmdar, sjerstakl.
ekkju og börnum hins látna, en líka
yfirleitt öllum, sem tóku þátt í jarðar-
förinni. Hann bar tvímælalaust
vitni, dagurinn sá, um óblandaða
og innilegusta hluttekningu allra
viðstaddra. Enda voru menn að
kveðja hjartahreinan, kærleiksríkan
og trúarsterkan prest og mann.

Í prestar voru viðstaddir: próf.
sra Hálfdán Guðjónsson Sauðárkróki;
sra Guðbrandur Björnsson Viðvík;
sra Lárus Arnórsson Miklabæ;
sra Tryggvi H. Kvaran Mælifelli
sra Hallgrímur Thorlacius Glaumbæ
sra Sigfús Jónsson Sauðárkróki
og sjera Arnór Árnason Hvammi.

Prófasturinn, Sjera Sigfús, sjera
Lárus og sra Arnór hjeldu ræður.
Mátti segja að hver ræðan væri annari
betri. Bændakórinn söng við jarðarf.
Auk viðtinga, á undan athöfninni
á heimili hins látna, var aðal
minningin á hinu rausnarlega
og góðkunna heimili Víðivöllum
er fór fram með hinni mestu sæmd
og prýði. Mátti með sjettu segja að
yfir þessum jarðarfarardegi væri
bjart útsýni yfir líf og dauða.

Við höfum hjer 4. lagt hönd
að verki og vonum að verk okkar
verði virt á betra veg
Síra Bjarnar er hjer minst
í 4 köflum sem
1. Prests.
2. Heimilisföður
3. Borgaralegs fjelagsmanns
4. Heiðursfjelaga.

Er þá komið að því, að aðrir hafi orðið.

Baldvin B. Bárðdal.

# I.

## — Presturinn —

Síðastliðinn vetur, átti þessi sveit að sjá á bak einum sínum besta stuðnings manni, skörungi og leiðtoga jafnt í andlegum sem veraldlegum málum prófastinum sra Birni Jónssyni frá Miklab
Hann kom hingað vorið 1889 og hafði þá skamma stund verið prestur að Bergstöðu í Svartárdal. Hjer var hann síðan prestur yfir 30 ár, þar til hann varð að segja af sjer sakir sjónleysis, og allan þann tíma sótti hann aldrei burtu hjeðan, enda mun mörgum hafa þótt þá skarð fyrir skildi hefði hann farið. Þannig var sambúðin milli sra Björns og safnaðanna.

Áður en sra Björn kom hingað höfðu hinir ástsælustu presta þjónað hjer, síðast þeir sra Jakob og sra Einar svo

nokkuð mun mönnum hafa fundist vandfylt þeirra sæti. Sr. Birni var því töluverður vandi á höndum er hann settist hjer að sínu embætti. En aldrei heyrði jeg neitt af hinu eldra fólki minnast annars, en að hann hafi fyllilega skipað sæti þeirra, hvað vinsældir og kennimensku snerti. Þegar sra Björn kom hjer fyrst var trúarlíf miklu heitara enn nú er, og það var ekki fyr en á hans allra síðustu árum, að það los komst á trúarskoðanir manna sem nú virtist að komast í algleyming. Nú kenna sumir prestar gamalguðfræði, aðrir nýguðfræði þriðju guðspeki fjórði spíritisma og þeir finst samblend af öllu þessu, þá fer svo að lokum að enginn veit hverju trúa skal og alt lendir í trúleysi — hjá fjöldanum.

Menn hjer voru aldir upp við gömlu guðfræðina — þeir heyrðu ekki öðru hreyft af stólnum og vildu ekki annað heyra en kirkju sína sóttu þeir þá langt um betur enn nú gjörist. Þeim fanst það hreint og beint misbrúkun á sunnu[dögum] ef ekki var farið til kirkju.

Mjer er í minni í fyrsta skifti þegar jeg fór til kirkju. Við vorum mörg saman í hóp úr Akratorfunni. Þegar við komum upp á þjóðveginn stönsuðu allir. Karlmennirnir tóku ofan og allir gerðu bæn sína og buðu að því loknu hver öðrum „góðar stundir". Með slíkum hug fóru menn af stað til kirkju sinnar í þá daga, og til sra Bj[örns] sóttu þeir áreiðanlega það sem þeir þörfnuðust til viðhalds og eflingar trú sinni. En menn sóttu fleira en guðsorðið að Miklabæ. Á eftir messunni var að jafnaði nokkur-

málfundir meðan setið var yfir
hinum rausnarlegu veitingum
þeirra hjóna. Þar var rætt Stjórn-
mál og sveitamál og mun margt,
sem orðið hefir þessari sveit til
framfara, einmitt hafa átt upp-
tök sín þar. Það má því óhætt segja
að á þeim árum hafi sr. Björn gert
heimili sitt að nokkurskonar menning-
miðstöð sveitarinnar.
Eitt meðal annars, sem mun hafa
átt sinn þátt í vinsældum síra
Björns sem prests og hinum góðu
áhrifum hans, á safnaðarmenn sína
voru húsvitjunarferðir hans. Á hverjum
vetri, fór hann heim á hvert heimili
í sóknum sínum, ekki beinlínis
til að hripa upp manntalið, heldur
jafnframt til að fræða og leiðbeina.
Og einmitt á þeim ferðum báru
menn upp fyrir honum vandamál

sín fyrir honum sem þeir treystu best
til að leysa úr, svo vel færi; og þá mun
hann hafa sáð mörgum þeim frækornum
sem seinna báru ávöxt. Þar gat hann
komið mörgu að, sem hann fór ekki með
á prjedikunarstólinn. Mjer fannst
heimilisfólkið nærri hlakka til er
það átti von á honum í slíkum ferðum
og ekki hefði það heimili verið ófundað
hefði hann sneitt þar fram hjá.
Ekki er vafi á, að þessar ferðir hafi
átt sinn þátt í því að auka kirkju-
rækni safnaðanna. Hann varð
ástsælli og um leið áhrifameiri
fyrir þar.
Fyrsta húsvitjunarferð hans sem jeg
man eftir, á heimili mitt er mjer
minnisstæð. Jeg átti að segja sá kverið
fyrir henni allan veturinn, enda var
það sem mest herti á mjer við lestur
þegar fólkið sagði við mig. „Nú fer

presturinn að koma í húsvitjunina
og þú ert varla farinn að stauta
ennþá." Og hann kom hreint
þegar verst stóð á fyrir mjer.
Það höfðu gengið hríðar, með mestu
fannkomu og menn voru farnir
að tala um að nú væri orðið jarð-
laust. Þetta þótti okkur, Torfudrengjun-
harla ilt, fyrst og fremst af því
að þá gátum við ekkert verið úti
og var því haldið þeim mun fastar
við lærdóminn, og í öðru lagi áttum
við öll okkar horn og leggi úti
undir snjó því besta tíð hafði
verið áður, en við eins og gömlu fjár-
mennirnir ætlað að nota beitina
Við hefðum því orðið fyrir allmiklu
tjóni ef þessu hefði haldið áfram
en til allrar hamingju fór að hlána,
fyrst hægt og hægt en síðan með
asahláku. Strax þegar hægt var

fórum við nafni minn á Höskuldsst.
að draga „fjeð úr fönn." Við grófum og
grófum og varð vel ágengt, þangað til
okkur kom saman um, að við skyldu
fara heim og fá okkur einhverja
lífsnæringu. Síðan ætluðum við að
byrja strax aftur. Jeg labbaði á stað
heim með hornin í poka á bakinu
rennandi blautur og ískaldur
Þegar jeg kom utan hlaðið, komu
þeir sunnan að bæjardyrunum síra
Björn og pabbi minn. Mjer varð svo
bilt við er jeg sá prest að jeg misti
pokann. Hjer var ekkert undanfæri
Jeg gat ekki einu sinni skotist undan
til þess að hann sæi ekki hvernig
jeg var útleikinn. Hann heilsaði
mjer brosandi; hefir líklega sjeð
hvað jeg var vandræðalegur – og
sagði sjer þætti vænt um að sjá
að jeg lagi ekki inni með leti

og ómenska (það þótti mjer þó skaða) og nú væri hann kominn til þess að finna mig (jeg svo sem gekk ekki að því gruflandi) og nú skyldi jeg flýta mjer úr bleytunni, og lofa sjer svo að heyra hvað jeg læsi nú orðið vel. Jeg gerði þetta nú altsaman. Hann ljet mig setjast hjá sjer og tók bók ofan af hillu (til allrar lukku var það sú bókin sem jeg var vanur að lesa í) og ljet mig lesa söguna af „Ánægði drengurinn." sem sá uppgefna á í rekstri. Hún var orðin svo lúin, að hún komst ekki lengra. Þá hljóp drengurinn til, og gaf ánni að drekka úr hattinum sínum, sem hann kom með fullan af vatni. Við þetta hrestist hún svo að hún gat fylgt rekstinum úr því. En pilturinn var

hinn ánægðasti. Presturinn spurði mig síðan út úr sögunni, og mundi jeg hana vel, því jeg hafði lesið hana oft áður. Síðan talaði hann lengi um það við mig, hvað drengurinn hefði verið góður og hvað þetta hefði nú eiginlega verið mikið góðverk, þó skynlaus skepna ætti í hlut; svona ættu allir drengir að vera og endaði mál sitt með þessum orðum. „Mundu að það eru sönnustu góðverkin, sem eru gerð með þeim hug sem einskis endurgjalds væntir. Það eru þau, er munu finna mesta náð fyrir augliti Guðs, vegna þess að þau eru kærleiksverk, og Guð er kærleikur." Hann talaði lengi eftir þetta og það var áreiðanlegt að jeg kveið ekki fyrir næstu húsvitjun.

Eitt sem sr. Björn lagði mikla áherslu á alla sína embættistíð var uppfr. æskulýðsins í kristnum fræðum

Á jólunum var hann oft vanur að kalla
börnin, sem komu til kirkjunnar, upp
að grátunum, áður en útgöngusálmur
var sunginn, og kunngera þeim fagnaðar
boðskap jólahátíðarinnar – á þeirra
vísu. Hvað mjer hefir altaf fundist
þetta vera fallegur siður, og oft
saknað þess síðan, því jólin hafa
altaf verið og munu lengst verða
hátíð barnanna. Okkur krökkum
þótti ~~þetta~~ óvanalegt um að hann
skyldi gera þetta fyrir okkur, þó
við værum einungis lítil í fyrsta.
Við fundum ~~að~~ þarna að við áttum erindi
til kirkjunnar eins og fullorðna fólkið
Allan seinni part vetrarins spurði
hann börnin á messudögum og ljet
þau ganga til sín viku fyrir ferminguna
og uppfræddi þau af hinni mestu
alúð. Sjerstaklega er mjer minnis
stætt hversu hann lagði mikla

áherslu á kærleikann, og gat komið
því víða að; kærleikanum til Guðs
og manna.
Sr. Björn var einkar vandvirkur á
ræður sínar, sjerstaklega var gott mál
á þeim, enda voru margar ræður hans
ágætar, bæði stólræður og tækifærisræður.
Mátti helst að þeim finna á síðari árum
að framburður á þeim væri ekki góður
og mun sjóndepri hans hafa valdið því.
Altaf mun hann hafa verið talinn með
lærðustu og bestu kennimönnum þessa
hjeraðs, og er prófastsdæmið losnaði, var
hann skipaður prófastur yfir Skaga-
fjarðarsýslu, og gegndi hann því
með jafnmikilli trúmensku sem
prestsembætti sínu, uns hann varð
að segja því af sjer sakir heilsubilunar.
Þó síra Björn væri af hinum eldri skóla
var ekki hægt að segja um hann að
hann væri afturhaldssamur í

skólunum sínum á þrímálum. Hann fylgdist ágætlega vel með í þeim efnum, og mun hafa hneigst að sumum hinum yngri stefnum, þó þó þess gætti ekki að mun í ræðum hans.

———.———.———.———

„Mörgum glapræði, verður guðfræði" kvað sra Matthías, og það hefði lengi verið sagt um þá, sem velja sjer preststöðuna, að þar sjeu „margir kallaðir, en fáir útvaldir." Flestir, sem eigi annars úrkosta velji sjer heldur lög, læknisfræði eða leggi þá stund á önnur vísindi. Til prestsembættisins sje skemmst nám og auðveldari próf og því hafi margir efnalitlir neyðst til að snúa inn á þá braut, og hafi svo lent á rangri hillu. Jeg hefi meira að segja heyrt suma halda því fram, að þó maðurinn dygði ekki til neins embættis þá gæti hann þó verið prestur!

Ef þetta væri algild regla, væri slíkt næsta óheppilegt, því prestsembættið eða kennimenskan, er áreiðanlega langþýðingarmesta staðan í hverju þjóðfjelagi, af þeirri einföldu ástæðu að hið andlega á að setjast langtum ofar hinu veraldlega. Það er því ekki sama hver boðar fagnaðarerindið eða hvernig það er gert. Prestarnir eru þeir sem innilegastan þátt eiga að taka í kjörum fólksins. Það eru þeir, sem eiga öllum fremur, að hryggjast með hryggum og gleðjast með glöðum. Til þeirra eiga allir að getað leitað með fullu trausti, borið upp fyrir þeim vandkvæði sín, og farið aftur af þeirra fundi, með hjartað fullt af von og trausti. Og umfram alt verður presturinn að vera þannig í framferði sínu, að söfnuður geti borið virðingu fyrir honum. Hann verður að sjá hjá honum

fyrirmyndina, að þeirri breytni, sem hann heimtar af öðrum, því gangi breytni hans í öfuga átt við kenninguna er hætt við að hann verði áhrifalítill í söfnuðinum. Hann á að vera andlegur faðir safnaðarins. Þar af líklega dregið orðið sóknarbörn.

Það má með sanni segja að mikið sje af prestinum heimtað. Þeir sjeu þó aldrei nema menn eins og við hinir. En einmitt þennan mælikvarða verður að leggja á prestinn. Sje hann söfnuði sínum þetta, er hann áreiðanlega góður prestur. Sje hann þetta ekki, er hann ónýtur verkamaður í sínum víngarði.

Beri menn nú þetta saman við framkomu sra Björns, sjest að hann hefir einmitt verið söfnuði sínum þetta. Breytni hans var fyrirmynd utan kirkju og innan.

Allstaðar ávann hann sjer traust og virðing þeirra sem kyntust honum. Hversu margar voru ekki þær ferðir, er hann fór til, til að tilkynna dauðsföll er hinn dáni hafði andast fjarri heimili sínu, og hversu mikil huggun var það ekki fyrir syrgjendurna, er hann þá veitti þeim á sárustu sorgarstundunum. Hversu oft jafnaði hann ekki misklíð milli manna; misklíð sem ekki var stærri enn neisti, en gat orðið að báli, hefði hann ekki verið slöktur í tíma. Og hversu ráðhollur var hann ekki þeim er til hans leituðu, vitmaðurinn sem einatt sá ráð þar sem margir voru ráðalausir. Og hversu skemtinn og glaðvær var hann ekki, þegar því var að skifta, og gætti þó ætíð fullrar kurteisi. Hann var hinn heitasti trúmaður, en þó frjálslyndur og umburðalyndur í trúmálum

framúrskarandi, skyldurækinn við emb-
ættisstörf sín, vildi það ekki vamm sitt vita
fremur enn í orðu.
Sra Björn var hár maður vexti, en heldur
grannvaxinn. Hann var hinn höfðinglegasti
ásýndum og var auðséð að þar fór fyrirmaður.
Fáskiftinn vanalega, en þess alúðlegri
og skemtilegri er menn tóku hann tali
alstaðar heima, og fylgdist ágæta
vel með því sem gerðist, bæði erlendis
og með þjóð vorri. Það má því óhætt
segja um hann að hann væri elskaður og
virtur af sóknarbörnum sínum og sáðt
það best við jarðarför hans, sem er hin
langfjölmennasta hjer um sveit.
Blöndhlíðingar munu því ætíð halda
minningu hans í heiðri, og nær sem
þeir heyra góðs manns getið, þá
mun þeim koma sr. Björn á Miklabæ
í hug.

H. Vagnsson.

# II.

## Heimilisfaðirinn

„Starfið er margt
en eitt er bræðrabandið.“

Það eru mörg störfin á heimilunum,
störf sem útheimta elju og ástundun,
ekki síst á stærri heimilunum, þar sem
þarf eftir mörgu að líta, því venjulega
er margt fólk á slíkum heimilum.
Heimili sra Björns var eitt af stærri
heimilunum í þessari sveit. En um
leið fyrirmyndarheimili. Sra Björn
var ágætur heimilisfaðir. Það var alkunn
Hjá honum fór saman, lipurð og verkun
semi, jafnlyndi og þolinmæði. Þegar
allir þessir kostir fylgja einum mann
getur ekki öðruvísi verið en maðurinn
sje ágætismaður. Og það var sr Björn
Fyrstu búskaparár sín var hann fremur

fátækur, en útsjón og hyggindi sra Björns þokuðu smám saman fátæktinni frá, því eftir því sem búskaparárin fjölguðu batnaði efnahagurinn, þrátt fyrir vaxandi ómegð. Þar sannaðist „að Drottinn gefur brauð með barni hverju." Og börnin urðu mörg 11 alls, sem öll hafa náð fullorðins aldri og eru enn á lífi.
Öll eru börnin hin mannvænlegustu og vel gefin.

Jeg minnist þess fyrst, er jeg kom að Miklabæ, ófram færinn og feiminn drengur, hvað börnin voru góð við mig, vildu gera mjer alt til gleði. Slíkum börnum getur maður ekki gleymt, þó aldurinn færist yfir mann.
Allur barnahópurinn á Miklabæ var ágætlega vel upp alinn. Þau áttu líka því láni að fagna, að eiga góða foreldra sem ólu þau upp í guðsótta og góðum siðum.
Það eru ekki öll börn sem leggja út á lífs-

brautina með annað eins andans fóður og jafngott veganesti, eins og Miklabæjarbörnin. Börn sr. Björns.
Á Miklabæ var margt fólk í heimili, því heimilisstörfin voru mikil bæði utan húss og innan. Það þurfti því eftir mörgu að líta, bæði hvað búskapinn snerti, og uppeldi barnanna, fyrir utan önnur störf, sem sra Björn hafði á hendi, sem voru mikil. Sra Björn var óvanalega góður heimilisfaðir, sem vinnufólkið bar virðingu fyrir, hvað þá börnin hans sem elskuðu og virtu sinn ágæta föður, enda var hann þeim ástríkur faðir.
Sra Björn var ekki einn um heimilisstjórn því við hlið hans, stóð hans ágæta kona sem studdi manninn svo ágætlega við heimilisstjórnina og var hvers manns hugljúfi, elskuð og virt af heimilis fólkinu og þá ekki síst af honum sjálfum
Frú Guðfinna var og er eins góð heimilis

móti eins og sra Björn var góður
heimilisfaðir. Það var því ekki ó-
eðlilegt, að vinnufólki þeirra góðu
hjóna líkaði vistin vel. Það var
líka lengur en eitt ár í einu hjá
þeim hjónum, sumt jafnvel mörg
ár samstað. Venjulegast er vinnu-
fólk nú á tíma, ekki mjög fast í
vistunum, nema þar sem húsbændur
virða verkin þess, og sýna því
vinsemd og vorkunsemi. Með
öðrum orðum, eru eins og góðir feður börnum
sínum. Og það var sra Björn.
Heimili sra Björns var mjög aðlaðandi
þar var glaðværð og gestrisni með afbrigðum
að sumu leiti samkallað sólskynsheimili
Það var því ætíð ánægja að koma þar
enda komu þar mjög margir.
Það var unun að ræða við sra Björn
þennan gáfaða og fjölfróða heimilisföður
sem öllum veitti eitthvað andlegt fóður

sem hann var svo ríkur af, og fyrir utan
þær venjulegu góðgerðir, sem á gest- ~~veng~~
risnisheimilum tíðkast, og heimilis
móðirinn sá um að væru vel úti látnar
Þaðan fóru gestirnir glaðari en ella,
og með meira sólskyn í sál sinni og
frið í hjarta. Sólskin frá sra Birni
Heimili sra Björns var fyrirmyndarheimili
Það var eins og eitthvert bræðraband
tengdi saman alt heimilisfólkið. Það
var alt eins og ein fjölskylda, húsbændur
börn og vinnuhjú. Slík heimili eru
vandfundin. Sra Björn var fyrir
þungu mótlæti síðustu árin, því, að
missa sjónina. Hann varð alveg blindur
árið 1919. Sra Björn bar sinn þunga
kross með stakri stillingu og þolinmæði
Þó sra Björn vantaði sjónina, var hann
samt sami lipri og ljúfi heimilisfaðirinn
sem allir virtu er nokkuð kyntust
honum.

það var ekki hægt annað en virða þennan mæta mann. Allan sinn aldur hafði sra Björn skarpa sálarsjón. Mjer er nær að halda að síra Björn hafi haft skarpari sálarsjón síðustu árin, jafnvel síðustu hjervistardagana. Hann sá bæði í vöku og svefni inná sólbjarta sumarlandið landið sem hann þráði að komast til, þar sem friður og kærleiki ríkir að eilífu. Hann sá jafnvel lengra Hann sá inn að hásæti alvalds Guðs, síns himneska föður, sem gaf honum þennan mikla sálarstyrk og andlegu sjón, sem veitti honum gleði og frið í lífi og dauða.

Agnar Baldvinsson

III.

# Borgaralegur fjelagsmaður.

Eg vil taka það strax fram, að þessi fyrirsögn lofar meiru, en jeg býst við að efndirnar verði. Ef rita ætti ítarlega um síra Björn heitinn Jónsson, sem borgaralegan fjelagsmann, ef t.d. rekja ætti til hlýtar, þó ekki væru nema áhrif hans og starf í þessu sveitarfjelagi, til þess mundi þurfa mikla athugun á ýmsu og mikinn tíma, og það tæki upp margfalt meira rúm, en hjer er um að ræða. Hjer verður því aðeins drepið á einstöku atriði í sem styztu máli.

Þegar sra. Björn settist að hjer í þessari sveit, var hann maður á besta aldri – í blóma lífsins væri hægt að segja.

Hann átti mikla og góða andlega
starfskrafta, og má ætla að honum hafi
verið hugleikið að nota þá öðrum til
gagns og til að hrynda áhugamálum
sínum og hug~~myndum~~ sjónum til framkvæmda.
Á þeim árum er hann settist hjer að, mun
mega segja að alþýðumenning hjer í
sveit, muni hafa verið á allmiklu lægra
stigi, en nú er. Norðlensku skólarnir
Hóla og Möðruvalla, voru þá enn í bernsku
og þeirra einn einasti maður var þá til
í Akrahreppi, sem á skóla hafði gengið.
Hjer var því gott tækifæri fyrir prestinn,
ungan og áhugasaman að neyta
starfskrafta sinna; gott tækifæri til
að sá niður frækornum menningar og
mentunar. Hann gerði það líka og þau
frækorn báru góðan ávöxt.
Síra Björn hefir, og það með rjettu-
verið talinn einn af allra bestu
prestum þessa lands, á sinni tíð.

Maðurinn var að eðlisfari mikill vit-
maður, og mátti teljast stórmentaður orð.
strax á yngri árum sínum. Sveitungar
hans fundu það líka fljótt, að þarna
var maður, sem bar höfuð og herðar yfir
fjöldann, hvað andlega yfirburði snerti;
maður sem bæði hafði vit og vilja, til
að starfa að þeim málum, sem þeim
máttu til nytsemdar verða. Hann
ávann sjer strax traust og vinsældir
sveitunga sinna, og þeir fengu virðingu
fyrir honum og þess naut hann til
æfiloka, það var því ekki nema eðlilegt
að þá langaði til að nota hæfileika
hans í þarfir sveitarfjelagsins, auk
embættis hans. Það gerðu þeir líka og
ljetu hann gegna trúnaðarstörfum
sveitarinnar um all langt skeið. Hann
gerði fljótt velferðamál sveitarinnar
að sínum áhugamálum, og ljet mikið
til sín taka um ýms mál innan

sveitarinnar, þau er almenningi
væri til hagsbóta og menningar.
Síra Björn hafði verið búsettur hjer aðeins
eitt ár, þegar hann vorið 1890. var kosinn
í hreppsnefnd, með flestum atkvæðum
af þeim sem kosnir voru; en þegar
hann hafði endað starfstíma sinn
í nefndinni vorið 1896, var hann
endurkosinn. Átti þá sæti í nefndinni
til vors 1901. en gaf þá ekki kost á
sjer til endurkosningar. Hafði þá
setið í nefndinni samfleytt 11 ár.
Vorið 1904 var hann aftur kosinn í hrepps-
nefnd, og vorið 1907, þegar allar hrepps-
nefndir í landinu voru leystar frá
starfi sínu og kosnar á ný að öllu,
var síra Björn enn endurkosinn, en
gekk svo úr nefndinni eftir hlutkesti -
1910. Eftir það gengdi hann ekki
hreppsnefndarstörfum, mun ekki hafa
gefið kost á sjer til þess, enda heilsan

farin þá að bila og embættisannir miklar.
Hann var því í 17 ár (1890-1901 og 1904-
1910) í hreppsnefnd af þeim rúmum
30 árum sem hann var búsettur hjer í
sveit. Flest öll þau ár var hann vara-
oddviti, og jafnan í heilbrigðisnefnd
og skattanefnd. En öll 17 árin var hann
fátækrastjóri, sá um stjórn fátækramála
í sveitinni. Voru þá hjer í sveit, sjerstakl.
á fyrri árunum, allmargir þurfamenn
bæði gamalmenni og börn. Ljet síra
Björn sjer afarant um þeim liði sem
best, að þeim væri komið fyrir á góðu
stöðum, og að í því efni væri tekið
tillit til vilja þeirra sjálfra, að svo
miklu leyti, sem hægt væri. Ef því var
að skifta, leit hann ætíð á mál þurfa-
manna, frá mannúðarinnar sjónar
miði, fremur en frá fjárhagshliðinni
og mundi því enginn segja að hann
væri ógætinn eða óhygginn fjár-

málamaður, hvorki fyrir sig eða opin-
bert fje. Kom þarna fram, eins og í fleiru
mannkærleika og mannúðarandinn
sem ætíð var ríkjandi hjá honum.

Allir samnefndarmenn hans luku
upp einum munni um það að sam-
vinnuþýðari mann gæti varla, en
síra Björn, og var það auðvitað í beinu
samræmi við hina prúðmannlegu
framkomu hans í hvívetna. Á opin-
berum fundum um sveitamál, var
hann fljótur til að átta sig á gildi
og nauðsyn hvers máls, og munu
tillögur hans alla jafna hafa verið
mikils metnar og náð fram að ganga.

Heita mátti að það væri á alla
fyrstu árum hans hjer, að honum voru
falin ýms störf, af hreppsbúum;
þau er mikið þótti við liggja, að vel
yrði af hendi leyst. Sýnir þetta traust
manna á honum strax.

Má þar nefna til dæmis, sendiferð
er hann fór norður í Eyjafjörð í Jan
1896 til að mæta þar á fundi og semja
þar um mál viðkomandi þessum
hrepp; Og það annað dæmi að hann
var (í mars 1897) kosinn til að semja
um kaup á Siglufjarðarkaupstaðarréttindum ásamt
oddvita hreppsins Sigfr. Jónatanssyni
og gerðu þeir kaupin, en þau voru
samþykkt á fundi árið eftir (26 mars 1898)
Má vafalaust telja það hið mesta happa-
kaup, sem fyrir hreppinn hefir gert
verið, hagurinn af því svo að segja
ómetanlegur í ýmsu tilliti.
Síra Björn stýrði jafnan hreppsfundum
og mátti segja á tímabili að hann
væri sjálfkjörinn fundarstjóri. Munu
fundir hafa farið fram, fremur óreglu-
lega áður enn hann kom hjer, og kom
hann því til leiðar að samdar voru
sjerstakar fundarreglur eftir hans

fyrirsögn, sem þar samþyktar á fundi
(20/3 1896) og notaðar eftir það.
Eins og kunnugt er, var síra Björn
fróðleiksmaður hinn mesti. Hann var
fús að miðla mönnum af fróðleik sínum
og þekkingu. Í því skyni hjelt hann
alloft fyrirlestra á fundum hjer í
sveitinni. Oftast voru þeir sögulegs
eða trúarlegs efnis. Er það skaði að hann
ljet ekki fyrirlestra sína koma fyrir
almennings sjónir, því margir þeirra
voru góðir. Sjerstaklega minnist jeg
tveggja sem mjer þóttu ágætir. Annar
var fluttur á afarfjölmennum hrepps-
fundi 15/4. 1907 og var um einokunar
verslunina hjer á landi á 17 og 18 öld
en hinn var um Guðmund biskup
góða, fluttur á sama stað nokkrum
árum síðar. Enn fremur man jeg
eftir ágætu erindi um fríkirkju og
þjóðkirkju er hann flutti eitt sinn.

á lestrarfjelagsfundi.
Síra Björn var aðal hvatamaður að
því að „Lestrarfjelag Miklabæjarsóknar“
var stofnað 1897. Var síðan altaf einn
af helstu stuðningsmönnum þess,
lengi formaður, og altaf í stjórn þess,
nema allra síðustu árin. Hann sá
það vel ~~til~~ hvers virði sá fjelagsskapur
gæti verið fyrir almenning, að lestur
góðra bóka er menningarmeðal; lyftir
huganum frá daglegu stritinu
og víkkar útsýni andans. Er og ekki
vafi á því, að slíkur fjelagsskapur hefir
haft mikla þýðingu fyrir sveitina.
Vorið 1896 var síra Björn kosinn form.
Búnaðarfjelags hreppsins, og gegndi
hann því starfi um 25 ára bil. Þegar
hann tók við stjórn þess, var um mjög
litlar jarðabætur að gera hjer í sveit.
En telja má það að miklu síra Birni
að þakka, ásamt meðstjórnendum

hans við fjelagið, að á þessum aldarfjórðungi er hann stýrði fjelaginu urðu jarðabætur og áhugi fyrir þeim hjer í sveitinni að stórmiklum mun.

Fjelagsskapurinn ýtti undir að vekja menn til meðvitundar, um nauðsyn jarðabótanna og þar voru eitt af lífsskilyrðum sveitanna og framtíðar þeirra. Síra Björn átti góðan þátt í því, sem form. búnaðarfjelagsins og hefir máske verið frumkvöðull þess, að haldin var myndarleg búfjársýning fyrir hreppinn 5 maí 1901 á Stóru Ökrum. Var hann einn í sýningarnefndinni og útvegaði töluverðan styrk til hennar frá Búnaðarfjelagi Íslands. Hafa slíkar sýningar vissulega mikla þýðingu, en eru of sjaldan haldnar.

Síra Björn var sáttamaður alla sína emb.-tíð hjer. Flest þau mál, sem fyrir hann voru lögð, tókst honum að sætta með lipurð og lægni, en þó venjulega svo, að báðir aðilar máttu vel við una. Hvað þetta snerti mátti segja um hann, eins og Njála segir um Hall af Síðu, höfðingjann sáttgjarna. „Hann var vitur maðr ok góðgjarn!"

Síra Björn var einn af allra hæstu gjaldendum þessa hrepps í mörg ár. Þegar hann kom fyrst að Miklabæ mun fjárhagurinn hafa verið fremur þröngur, en þó barnahópurinn væri stór og mikill tilkostnaður í heimili tókst honum að koma upp stórbúi á Miklabæ, einu af stærstu búum hreppsins og efnahagurinn varð í besta lagi góður. En hann stóð ekki einn uppi hvað búsýsluna snerti —

Hann naut þar aðstoðar
sinnar ágætu konu, sem ekki
síður enn hann, átti þátt í
hinni góðu afkomu þeirra. Og
hún átti ekki síður enn hann
þátt í því, að gera Miklabæ
að fyrirmyndarheimili – að
gera garðinn frægan
Enn skal minnast á eitt
atriði. það var á almennum
sveitarfundi 21 mar 1901 að
síra Björn vakti máls á því
hvort hreppsbúum þætti ekki
tími til kominn, að byggja
fundahús fyrir hreppinn og
benti á hver nauðsyn væri á
að fá slíkt hús. Fjekk mál
þetta litlar undirtektir í
það sinn, Er þetta í fyrsta
skifti, sem jeg veit til að þessu
máli hafi verið hreyft hjer

í sveit. Eftir þetta hjeldu ýmsir
menn ásamt síra Birni, máli
þessu vakandi, en varð þó að engu
ágengt til framkvæmda og má
búast við að svo hefði lengi orðið ef
heiðursmaðurinn Símon sál. í Litladal
hefði ekki gefið hreppsfjelaginu hina
rausnarlegu gjöf til fundahúss-
byggingar á þingstaðnum. Að vísu
voru tillögur síra Björns í fyrstu
um fyrirkomulag hússins, í sumum
aukaatriðum, á annan veg en varð
en aðalatriðið, áhugamál hans
var að fá gott samkomu eða funda
Síra Birni auðnaðist ekki að sjá
húsið fullgert. En honum auðnaðist
samt að vígja það í samsætinu
sem Símoni í Litladal var haldið
vorið 1920, að afloknum byggingunni
Tel jeg að síra Björn hafi lagt
hyrningarsteina húsbyggingarinnar

með því að hreyfa því máli fyrstur
og halda því síðan vakandi.
Að mál þetta átti góða stuðningsmenn
varð beinlínis til þess að húsið komst
upp með þeim hætti, sem mönnum
er kunnugt. Í samsætinu hjelt
sra Björn vixluræðuna fyrir húsið
og ætla jeg það muni síðasta
ræða hans á opinberum mann-
fundi. Minnist jeg þess, að mjer
þótti ræða sú ágæt, ef til vill
einhver besta ræðan sem jeg heyrði
til hans utan kirkju og svo mun
mörgum hafa þótt. Þó hann
væri þá blindur, sá hann með sjónum
andans betur enn margir aðrir
inn á björt framtíðarlönd þessarar
sveitar, sveitarinnar sem var orðin
honum svo hjartfólgin. Og hjart-
næmar voru blessunaróskirnar,
sem hann bað húsinu, sveitinni

og íbúum hennar. Það hjeldu
fleiri ræður þann dag úr hópi
leikmanna. Má segja að sumir
þeirra hafi verið þeir færustu, til
þess sem völ var á hjer, og margt
af því sem þeir töluðu var mjög vel
sagt. En þó skaraði síra Björn
þar fram úr. Ekki svo beinlínis
hvað orðsnild snerti, en því meir
að andagift og efni ræðunnar.
Þar stóð hann, öldungurinn
blindi, og bar ennþá höfuð og
herðar yfir aðra, hvað andlega yfir
burði og andlegt víðsýni snerti-
alveg eins og hann gerði, þegar
hann kom hingað fyrst, og gerði
altaf öll þau ár, sem hann dvaldi
hjer. ———

Það má telja það gæfu hverrar
sveitar, sem eignast slíkan
hæfileikamann sem síra Björn var.

og meiga njóta starfskrafta hans um langan tíma.

Jeg veit að þeir Blöndhlíðingar sem þekktu síra Björn, munu jafnan minnast hans sem yfirburðamannsins, mannsins sem þeir eiga svo mikið að þakka, minnast hans sem leiðtoga síns, til hins góða á öllum sviðum.

Minning hans mun lifa björt og fögur — því

„orðstírr deyr aldreigi
hveim sjer góðan getr"

Stefán Jónsson.

# IV.

# Heiðursfjelaginn.

Þá er aftur komið að mjer, að taka til máls. Mun jeg minnast síra Björns, aðallega í sambandi við Lestrarfjelagið, en þó mun jeg að lokum gefa mjer frjáls hendur.

. . .

Það var haustið 1889, að jeg fjekk brjef frá þeim, síra Birni og Sigurbirni bróður mínum þá bónda í Flatatungu, austur í Suður-Þingeyjarsýslu, — þess efnis, að þeir beiðja mig að koma vestur hingað og vera kennara hjer næsta vetur. Jeg var orðinn talsvert ráðinn, við kennslu þar eystra næstkomandi vetur, engu að síður losaði mig svo, að jeg skrifa þeim aftur, og lofaði að koma strax úr næstu nýjári (1890). Og það varð, eg kom hingað úr nýárinu og byrjaði strax

að kenna í Flatatungu hjá þeim
Sigurjóni og Þorkeli bónda. Þá var
það er jeg sá síra Björn í fyrsta sinn
Hann kom fram á bæina til að hús-
vitja, og var nótt í Flatatungu. Man
jeg vel að morguninn sem hann
fór af stað, kom hann fram í stofu
til mín, þar sem jeg var að kenna.
Bauð jeg honum að dvelja í stofunni
yfir eina kennslustund. Og gerði
hann það. En samkvæmt dag-
skránni, var komið að minni
veikasta „fagi“ og það var íslensk
málfræði. En fyrir hvern mun
mátti jeg ekki láta nemendur
mína verða þess vara að jeg
hikaði nokkuð frá dagskránni,
þó prestur væri viðstaddur.
Jeg byrjaði strax kennslu mína, og
fór að útskýra „sagnir.“ Og gekk
það allvel, en þegar tíminn

var liðinn, segir prestur mjer, „að
að sjer hefði þótt betra, að jeg hefði
útskýrt á annan veg eitt atriði
í sögnunum“ — sem hann til-
greindi. Sagði hann svo hvað það væri
og hvernig hann liti á það. Fann
jeg strax að það var rjettara og að-
gengilegra. En hann leiðbeindi mje
með svo drengilegum og viðfeldnum
orðum, að mjer varð strax vel til hans
og fjekk undireins traust á honum
Og þessi velvild og þetta traust hjelst
hjá mjer til dauða síra Björns, nema
hvað það varð enn sterkara og full-
komnara er á leið fram. —
Fáir munu þeir vera í Miklabæjar-
sókn af vandalausum mönnum, sem
sem þekktu síra Björn betur en
jeg. Við vorum oft tveir einir
á ferð, og töluðum þá um þau
mál, sem ekki voru hreifð

hversdagslega. T.d. töluðum við mikið um
eilífðarmálin. Sagði jeg honum þar skoðanir
mínar, sem jeg hef engum öðrum presti sagt
Mjer fanst altaf jeg vera að tala við kæran
bróður, en þó um leið lærðan og gáfaðan mann
Hann varð mjer strax heitur fjelagi á lífs-
vegi mínum, og mjer fanst heiður og veg-
semd æfinlega að vera í návist hans.
Hann var einn af þeim fáu mönnum,
sem var gott og gleði að kynnast.
Einu sinni þegar jeg var að kenna á heimili
hans, kom dálítið atvik fyrir, sem hryggði
mig. Jeg gleymi því aldrei hvað hann var
þá góður við mig. Hann gekk með mjer
langa stund þar úti um túnið og hug-
hreysti mig á þann hátt, sem enginn annar
hefði gert. Þetta dæmi leyfi jeg mjer að leiða
fram, til þess að vitna um manngæsku hans
sem mjer fanst vera tryggur förunautur hans.
Það var haustið 1895. sem jeg stofnaði Lestr-
fjelag í Silfrastaðasókn. Þegar síra Björn

vissi það, bað hann um upptöku í fjelagið,
af einberum fjelagsskap, en ekki af því um
auðugan garð væri að velja. Var hann sannar-
lega góður heitur fjelagi í þeim hóp. Á 1. vetrar-
dag kom út blaðið Morgunstjarnan sem var
Lestrarfj. blað Silfrastaðasóknar. Var jeg ritstjóri
þess. Í þetta blað ritaði síra Björn. Ekki komu
út nema tveir árgangar af því, 14 blöð fyrra
árið, en 7. blöð seinna árið. Árið 1897. í maí
leystist lestrarfjelagið upp, aðallega ~~aðallega~~
vegna þess að jeg fluttist burt úr sókninni
og fór í Miklabæjarsókn. Ennfremur hætti
Morgunstjarnan að koma út. — Þá um
haustið (1897) stofnuðum við síra Björn „Lestrar-
fjelag Miklabæjarsóknar" — í nóvember.
23 október 1898. var rætt um á Miklabæ
á lestrafjelagsfundi, að gefa út nýtt blað.
Var þar samþykkt að gefa út blað sem vera skyldi
„Lestrarfj. blað Miklab. sóknar" og mjer falið að
sjá um útgáfu blaðsins og nafn þess. Þá
var það að 1. blað „Viljans" kom út 5 nóv. 1898.

Bæði þessi lestrarfjelög og bæði þessi blöð styrkti síra Björn. Hann vildi styrkja og hafa þátttöku í öllu því, sem hann áleit vera til þess, að lyfta anda mannsins frá hinu jarðbundna. Hann vildi glæða og örfa alla viðleitni til hins sanna, fagra og góða í lífinu. Hann elskaði bjartsýnið og vildi leiða inn, ljós og yl í hverja sál. En hann amaðist við öllum kleyfsidómum, lágum og spiltum hugsunarhætti og meiddri sómatilfinningu. Þessvegna var honum umhugað um að „Viljinn" væri laus við klúryrði og persónuleltingar. Og mjer fanst hann vera lífið og sálin í „Lestrarfjelaginu" enda hafa fjelagsmenn virt hann og viljað sýna honum sæmd með því að gera hann að einum heiðursfjelaga 8 jan 1921.

Þá erum við búnir að minnast hins góða og virtulega sóknarprests okkar Prestsins, sem vann öll sín verk í trú og kærleika. Heimilisföðursins sem gladdi og frædi gesti sína og var í öllu prýði heimilis síns. Borgarafjelagans sem ávalt vildi láta gott af sjer leiða út á við, í hvaða fjelagsskap sem var. Og loks heiðursfjelagans, sem stofnaði; og studdi manna best lestrarfjelag okkar.

Við minnumst hans allir með einlægum huga, lausir við hræsni og vanhugsaða orðauppttíning. Því hjer erum við allir að minnast þess manns, sem við sameiginlega virtum og höfðum mikið að þakka. Vonum við að lesendur blaðsins virði verk okkar hjer, á betra veg.

Og nú að lokum langar mig til að varpa nokkrum orðum í minningu hins horfna vinar

Jeg hef aldrei nokkurntíma þekkt, hjá nokkrum manni, jafn einfalt líf eins og hjá síra Birni. Aldrei heima hugsanalíf.

Aldrei fann maður dramb eða stór-
læti hjá honum. Aldrei miklaðist hann
yfir lærdómi sínum eða gerði ~~lítið~~ minna
úr öðrum en til stóð, af því hann var
alveg laus við hroka og mikilmensku.
En þegar hann hjelt fram skoðun sinni
eða vildi láta aðra njóta lærdóms síns, og
verða fyrir áhrifum sínum — þá talaði
hann eins og sá sem vald hefir.
Mælskumaður var hann þó ekki — honum
var fremur stirt um mál — en orð hans
komu öll frá hjartanu. Og það sem
kemur frá hjartanu, nær til hjartnanna
Bjartsýni hans var víðtækt og afarlega
bjart í kringum hann. Hann sá himin
opna og dýrð guðs skína í almætti sínu
Hann hjelt dauðahaldi í klæðafald
Jesú síns. Og sál hans fyldist fögnuði
og sælu á banadægri. Og hann hefir
getað fylgst með skáldinu og sagt

„Og bjart lét blika ský
á banadegi;
sæld heyri eg þar í:
„Minn elskulegi"
þá skyggir dauðans ský
á lífsins blóma,
mig enginn ótti slær
mjer einn er Jesú kær
í ljóssins ljóma."

---

Og nú opnast skýið fyrir anda
mínum og jeg sje fylkinguna
fríðu með pálmaviðargreinarnar
Jeg sje hann, sem jeg er að
minnast nú, í skínandi hvítum
klæðum, bíðandi með út-
breiddan faðminn eftir
ástvinum sínum. Hann
bendir mjer á fylkingunni
fríðu og er sem hann mæli:

„Sjá þann hinn mikla
flokk sem fjöll,
er fjálsett gnæfa í
skrúði af mjöll,
hið prúða lið, sem
pálmaviðs
fyrir hástól heldur á."

Baldvin B. Bárddal.

Nú er drifin fönnum fold
fallin blóm í högum, —

Nána sendir sólin skær
sína geisla um löndin. —

# Flugar

Lestrar-fjelagsblað Fluguomýrarsóknar

Ritstjóri:

Baldvin B. Bárddal.